

## Skilablað – Sjúkrahús Húsavíkur – Endurbætur

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og bjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

### 1 Upphaf verkefnis

Árið 2008 óskaði velferðarráðuneytið eftir að Þorsteinn Geirharðsson arkitekt, sonur Geirharðs Þorsteinssonar arkitekts Sjúkrahúss Húsavíkur, ynni með ráðuneytinu þarfagreiningu og frumathugun vegna fyrirhugaðra endurbóta á sjúkrahúsini.

Í apríl 2012 óskaði Leifur Benediktsson í velferðarráðuneytinu eftir því að FSR gerði samning við Þorsteinn Geirharðsson um áframhaldandi vinnu við forhönnun þeirra breytinga sem lagðar voru til í frumathuguninni. Þar sem Þorsteinn var búsettur í Noregi var erfiðleikum bundið að gera við hann samning um verkið. Því var ákvörðun tekin um að málid yrði lagt til hliðar um tíma. Verkefnastjóri FSR var þá Guðmundur Pálsson.

Á vormánuðum 2013 barst ósk frá Sveini Magnússyni í velferðarráðuneyti um að FSR geri samning við AVH Arkitektúr – Verkfræði Hönnun ehf. á Akureyri um uppfærslu þarfagreiningar velferðarráðuneytisins og að vinna skyldi frumhönnun í tímavinnu. Sá samningur er nr. H-12062 og var undirritaður í apríl 2013.

Verkefnastjóri FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

### 2 Verklýsing

Um var að ræða uppfærslu þarfagreiningar og forhönnun vegna fyrirhugaðra endurbóta og breytinga á Sjúkrahúsi Húsavíkur.

### 3 Verknúmer

Verknúmerið er 608 3632.

### 4 Framvinda

Eftir að samningur var gerður við AVH vann stofan frumhönnun um fyrirhugaðar breytingar. Frumhönnun lá fyrir í febrúar 2013.

### 5 Kostnaður verksins

Heildarkostnaður verksins var 8.602.481 kr., þar af var greiðsla til AVH Arkitektúr – Verkfræði Hönnun 7.728.963 kr. og til FSR 873.518 kr. Ekki eru skráðar neinar greiðslur til Þorsteins Geirharðssonar á þetta verknúmer.

### 6 Niðurstaða verkefnis

AVH verkfræði- og arkitektastofa vann frumhönnun og kostnaðaráætlun sem henni fylgdi, dagsett í júní 2013. Þar er áætlaður framkvæmdakostnaður við fyrirhugaðar breytingar 720 m.kr. með búnaði.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Þann 7. nóvember 2013 óskaði velferðarráðuneytið eftir því að FSR tilkynnti formlega viðkomandi aðilum að verkefnið Sjúkrahúsið Húsavík – endurbætur eldra húsnæðis, yrði fært í bið.

### 8 Verklok

Verkefnið er enn í biðstöðu í ágúst 2017. Í 2. mgr. 3. gr. í reglum um fyrirkomulag skilamats kemur eftirfarandi fram:

„Hafi framkvæmd legið niðri í eitt ár eða lengur vegna þess að fé hefur ekki verið veitt til hennar á fjárlögum eða vegna annarra orsaka skal gera sérstakt skilamat um þann hluta sem lokið er.“

Verkefninu er því lokað með þessu skilablaði.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri